



Vinnuskóli Langanesbyggðar

Meginhlutverk Vinnuskóla Langanesbyggðar er að veita nemendum úr efstu bekkjum grunnskóla sveitarfélagsins uppbyggileg sumarstörf ásamt fræðslu í öruggu starfsumhverfi.

Öllum nemendum 7., 8., 9. og 10. bekkja býðst að koma til starfa við fjölbreytt verkefni sem flest snúa að garðyrkju og umhirðu í sveitarféluginu.

Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður, með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi.

Vinnuskólinn er forvarnarstofnun. Rannsóknir og reynsla sýna að mest hætta er á að unglingar leiðist út í óreglu á sumrin og eru helstu orsakir rýmri tími, minna aðhald og meiri fjárráð. Með reglulegri vinnu, markvissri fræðslu og sterkum fyrirmundum er reynt að sporna gegn óreglu.

Vinnuskóli Langanesbyggðar er með öllu tóbaks-, rafrettu-, nikótín- og vímuefnalaus vinnustaður.

Markmið vinnuskólans

- Kenna nemendum verklag, ábyrgð, virðingu, stundvísí og aga.
- Fegra og snyrta umhverfi okkar og halda því óaðfinnanlegu.
- Byggja upp vinnuvirðingu hjá nemendum og starfsfólki.
- Skapa trausta og sterka liðsheild í öllu starfi Vinnuskólans.
- Bjóða upp á starf með áherslu á þátttöku nemenda í þroskandi og skapandi starfi.
- Viðhalda jákvæðri ímynd vinnuskólans og gera hana enn jákvæðari.
- Veita fræðslu á ýmsum sviðum auk forvara.

Starfstími

Starfstími skólans sumarið 2024 er frá 5. júní og fram til 25. júlí. Mánudaga til fimmtudaga.

13 ára (árgangur. 2011) getur valið um vinnu í 4 vikur –4 virka daga í viku, 3 klst. á dag.

14 ára (árgangur. 2010) getur valið um vinnu í 6 vikur – 4 virka daga í viku, 3 klst. á dag.

15 ára (árgangur. 2009) getur valið um vinnu allt tímabilið – 4 virka daga í viku, 6 klst. á dag.

16 ára (árgangur. 2008) getur valið um vinnu allt tímabilið – 4 virka daga í viku, 6 klst. á dag.

Laun og launagreiðslur

Vinnutími og laun nemenda verða sem hér segir:

Greitt er skv. kjarasamningi aðildarfélögum Starfsgreinasamband Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og miðast hlutföll af launaflokki 117. Við tímakaupið bætist 13,04% orlof.

Athugið að tímakaup hér fyrir neðan er frá 2023. Verið er að semja um nýja kjarasamninga og laun verða uppfærð samkvæmt þeim.

30% Nemendur fæddir 2011: 902 kr./klst. 3 klst./dag

45% Nemendur fæddir 2010: 1.353 kr./klst. 3 klst./dag

55% Nemendur fæddir 2009: 1.654 kr./klst. 6 klst./dag

65% Nemendur fæddir 2008: 1.955 kr./klst. 6 klst./dag

86% Nemendur fæddir 2007. 2.586 kr./klst. 6 klst./dag

Laun verða lögð inn á bankareikning sem skal vera skráður á kennitölu nemanda.



Reglur vinnuskóla Langanesbyggðar

- a) Öllum nemendum ber að sýna samstarfsfólki sínum og öllum íbúum og gestum sveitarfélagsins fyllstu kurteisi og tillitssemi.
- b) Niðurlægjandi orðbragð, hegðun og ofbeldi af hverju tagi er algjörlega ólíðandi.
- c) Verkstjóri Vinnuskóla stýrir verkefnum og skulu nemendur fylgja fyrirmælum hans.
- d) Öllum nemendum ber að mæta stundvíslega.
- e) Nemendur beri virðingu fyrir starfinu, gangi vel um og fari vel með verkfæri og eיגur. Nemendur bera viðeigandi kostnað ef þeir fremja skemmdarverk á eignum Vinnuskólans og annarra.
- f) Nemendur mæta til vinnu klæddir eftir veðri.
- g) Nemendur klæðast vestum á meðan á vinnu stendur ásamt viðeigandi persónuhlífum.
- h) Sjoppu- og búðaferðir eru ekki leyfðar á vinnutíma.
- i) Ekki er leyfilegt að vera með orku- og gosdrykki á vinnutíma.
- j) Nemendur bera ábyrgð á öllum eignum sínum í vinnutíma.
- k) Farsímanotkun er óheimil nema með samþykki verkstjóra.
- l) Verði misbrestur á að nemandi fylgi reglum Vinnuskólans er viðkomandi áminntur eða honum vísað úr skólanum, tímabundið eða varanlega, eftir eðli brots. Forráðaaðili er ávallt látinn vita ef nemanda er vísað úr Vinnuskólanum. Eingöngu verkstjóri og yfirmenn hans geta vísað nemanda varanlega úr Vinnuskólanum.

Nemendur eru skráðir inn í tímaviðverukerfið Tímon við upphaf vinnu, séu þau mætt til vinnu, og skráð út við lok vinnudags.

Nemendur fá greitt samkvæmt skráningu í Tímon (vinnuskráningarkerfi Langanesbyggðar) og fá því greitt þann tíma sem þau eru í vinnu.

Veikindi og frí

Mögulegt er að fá leyfi frá störfum en nemendum gefst ekki kostur á að vinna upp tapaðan starfstíma síðar. Forráðaaðilar tilkynni frítöku með a.m.k. viku fyrirvara í gegnum eyðublað á heimasíðu sveitarfélagsins.

Veikindi þarf forráðaaðili að tilkynna til verkstjóra með tölvupósti fyrir kl.8:30 að morgni. Veikindadagar eru ekki greiddir.

Skráning í vinnuskólann

Umsóknum um starf í vinnuskólanum skal skilað á skrifstofu Langanesbyggðar eða til forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar á eyðublaði sem hægt er að sækja á heimasíðu Langanesbyggðar

Langanesbyggð 12. apríl 2024